


FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

RÆKTUN SITKAGRENIS

Ein algengasta trjátegunin í ræktun hér á landi er sitkagreni (*Picea sitchensis*), en það er upprunnið á vesturströnd N-Ameríku. Sitkagrenið er hraðvaxta og verður mjög stórvaxið með aldrinum, stórvaxnast allra grenitegunda. Á 41 ári hefur það náð 16,8 metra hæð hér á landi. Það er ein harðgersta sígræna trjátegunin sem hér er í ræktun og er bæði vind- og saltþolið.

Til glöggvunar má geta þess hér að sitkagreni kynblandast hvítgreni og kallast sá blendingur sitkabastarður eða hvítsitkagreni (*Picea x lutzii*). Verður fjallað sérstaklega um það í öðru Frækorni.



Ísland

Hæst um 96 m
í N-Ameríku

FISKARS®

Garðáhöld

ELLINGSEN

Grandagarði 2 • Reykjavík
sími 552-8855 • grænt númer 800-6288

FELCO®

Klippur

Ræktun sitkagrenis

Sitkagreni hefur verið ræktað með ströndinni allt í kringum landið með ágætum árangri og þar sem nær dregur sjó tekur það öðrum sígrænum trjátegundum fram. Má því mæla með notkun þess um allt land, þó síst á þurrari svæðum inn til landsins norðaustanlands.



Sitkagreni hentar um nær allt land




Sitkagreni þarf áburðargjöf!

Sitkagreni er skuggabolið

Gott er að halda illgresi frá sitkagreni

Algengt er að sitkagreni vaxi lítið fyrstu árin eftir gróðursetningu. Á það sérstaklega við ef gróðursett er á bersvæði. Til þess að hjálpa plöntunum að vaxa úr grasi er mikilvægt að bera tilbúinn áburð á þær og að gæta þess vandlega að halda frá grasi og öðrum gróðri.



Veljum sitkagreni stað þar sem jarðvegur er frjór og rakur

Sitkagrenið þarf frjóan og rakan jarðveg til þess að þrífast vel. Það hentar vel í frjósamar hlíðar, graslendi og framræstar mýrar. Mun víðar er þó hægt að rækta það ef jarðvegur er þykkur og úrkoma næg, svo og ef fram fara einhverjar jarðvegsbætur.



Ekki gróðursetja sitkagreni þar sem kalt loft safnast

Sitkagreni er sérlega viðkvæmt gagnvart frostskemmdum og verður oft fyrir slíkum skemmdum. Það er sérstaklega viðkvæmt fyrir frostum síðla sumars og snemma hausts vegna þess hve seint það lýkur vexti. Þarf að forðast að gróðursetja það í lægðir og lágir í landslaginu, þar sem hætta er á að kalt loft geti safnast fyrir. Það er frekar skuggþolin trjátegund, sem er óhætt að gróðursetja í skugga annarra trjáa, svo og norðan við hús.



Sitkagreni er mjög stórvaxin trjátegunð og þarf því að varast að setja það í smærri garða. Við út-jaðra garða gefur það mjög gott skjól og ætti því að gróðursetjast þar. Sitkagrenið þolir vel klippingu og má hæglega nota í limgerði. Of mikið hefur verið gert að því að klippa greinar neðan af sitkagrenitrjám. Slíka klippingu má alls ekki framkvæma nema þar sem gott skjól er og brýna nauðsyn beri til að skapa rými með því að losna við greinarnar. Annars tapast skógarskjólið og vindur nær að blása undir trén.

Á sitkagreni herjar meindýr sem kallast sitkalús. Hún veldur skemmdum á greninu en dregur það sjaldnast til dauða. Til að verjast henni í skógrækt þarf að gæta þess að sitkagreniskógurinn verði ekki of þéttur og dimmur en það eru kjörskilyrði lúsarinnar. Einnig er gott að gróðursetja aðra trjátegunð með sitkagreninu. Blandaður skógur verður opnari og ljósmeiri, sem þýðir að lúsin nær sér ekki eins á strik. Stök tré í gördum má úða með skordýraeitri.



ISSN 1605-5020

